

Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn mánudaginn 29.júlí 2013 kl. 16.30 að Glerárgötu 26



Fundinn sátu: Pröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Magnús Gauti Gautason, Margrét Ólafsdóttir, Áslaug Kristjánsdóttir og Þóra Leifsdóttir framkvæmdastjóri.

Fundargerðir. Fundargerðir tveggja síðustu funda voru samþykktar

Aðildarumsókn að UMFÍ. Rætt var og samþykkt að taka þátt í umsókn um aðild að UMFÍ með öðrum íþróttabandalögum, sem eru utan UMFÍ.

Lottó. Rætt var um að hækka aldursviðmið lottóúthlutunar upp í 18 ára. Ákveðið að skoða hverju það breytir, fá upplýsingar frá aðildarfélagunum þegar skilað er næst.

Landsmótið á Selfossi

Pröstur og Þóra sögðu frá jakkamálum og kostnaði við sameiginlegt grill en ekki var staðfestur endanlegur heildarkostnaður. Fram kom að ÍBA lenti í 4. Sæti.

Bréf var sent til undirbúningsnefndar með beiðni um hugmyndir til kynningar á unglíngalandsmóti á Höfn. Hvatning var send til aðildarfélaganna um þátttöku en engin viðbragða hafa borist.

Útivistardagur í ágúst

Rædd var þátttaka í útivistardegi í lok ágúst en 6 aðildarfélög eru búin að lýsa yfir áhuga að vera með. Samþykkt var að vera með bás með fánum aðildarfélaganna og bækling til dreifingar ef meirihluti aðildarféлага tekur þátt.

Fræðsluþing ÍBA í haust

Rætt var um nauðsyn þess að hefja undirbúning á fræðsluþingi ÍBA, fara að huga að dagsetningu, húsnæði o.s.frv. Stungið var upp á erindi frá ráðstefnu sem haldin var á vegum Samtakanna Blátt áfram, Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd/Félagsvísindastofnunar og Jafnréttisstofu í apríl sl. „Forvarnir er besta leiðin“ Rætt var um möguleikann að halda þá ráðstefnu á Akureyri að einhverjum hluta.

Haukur lagði fram hugmyndir t.d. Erindi um íþróttameiðsl – Aðilar í lyfjanefnd ÍSÍ með erindi um steranotkun. Umgengni í íþróttamannvirkjum m.t.t. áfengisnotkunar, regluverk o.s.frv.

Samskipti við ÍRA

Bréf voru send til ÍRA v. umsóknar Kraftlyftingarfélagsins og Draupnis um rekstrarstyrk og um söguritun íþróttasögu Akureyrarbæjar.

Bréf barst frá Ellert íþróttafulltrúa vegna tímaúthlutunar í íþróttamannvirkjunum. Farið var yfir skiptingu tíma m.t.t. aldurskiptingar. Næsti fundur með ÍRA verður í ágúst.

Ákveðið var að ÍBA sendi tilkynningu um óbreytta úthlutun á tímum til áramóta en einnig ábendingar og athugasemdir um lítið nýtt tíma. Rætt var um úthlutun á æfingum á gervigrasinu hjá KA og hvaða breytingar það hefði í för með sér í Boga, t.d. möguleika á að verða við óskum UFA eftir fleiri tímum þar. Ellert hafði tekið að sér að athuga.

Rætt var aðeins um að fyrir liggur að kortleggja samstarf ÍBA og ÍRA.

Bréf og erindi til ÍBA

Bréf barst frá Hömrunum með beiðni um tíma fyrir handboltaæfingar. Ákveðið var að svara þeim með tilvísun í reglugerð um hú sleigu og æfingastyrki, að ekki fái st yrkur nema að sé barna- og ungl ingastarf í félaginu. Einnig var ákveðið að áframsenda beiðina til ÍRA.

Skráning íþróttasögu Akureyrarbæjar

Tillaga varð lögð fram um að setja á stofn ritnefnd, ólaunaða og lagt til að biðja Harald Sigurðsson, Hermann Sigtryggsson, Jón Hjaltason og Þröst Guðjónsson að vera í henni. Hugmynd var einnig varpað fram um að ræða við Óskar Þór Halldórsson um ritunina.

Önnur mál. Bréf barst frá UFÍ með beiðni um tjaldbúðarstjóra. Erindið var afgreitt, UFA tók að sér.

Rætt var um að senda hvatningu til aðildafélaganna að skrá sjálfboðaliðastarfið á sjálfboðaliðavef ÍSÍ.

Fundi var slitið kl. 18.05

Margrét Ólafsdóttir ritari